



Senn mun rísa fyrsta íbúðarhúsið sem byggt hefur verið á Vopnafirði síðan 1995. Magnús Már Þorvaldsson, upplýsinga- og menningarmálfulltrúi á Vopnafirði segir allt stefna í rétta átt á staðnum.

bls. 2



Sá merkilegi atburður átti sér stað í Njarðvíkurrétt um helgina, að Skúli Andrésson bóndi á Framnesi í Borgarfirði mætti þar í áttugasta skiptið í röð. Skúli er 86 ára gamall og hefur ekki misst úr ár í réttum síðan hann fór í sína fyrstu, sex ára gamall.

bls. 2

austur glugginn

Fréttablað Austurlands

fréttæmt vikublað

39. tbl. - 12. árg. - 2013 - Föstudagur 4. október.

Áskriftarverð kr. 1.750 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 550

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

ÞÚ ERT Á GÓÐUM STAÐ

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is



Langar að breyta almennings-samgöngum í Fjarðabyggð í Sushi train á föstudögum

Hákon Guðröðarson segir frá starfsemi Mjólkurstöðvarinnar

Hákon segir að verkefnið framundan sé meðal annars að koma framleiddum vörum í áframhaldandi þróun, neytendavænni umbúðir og aukna dreifingu.

Mjólkurstöðin er ljúfmetisverslun í Neskaupstað sem selur ferskt kjöt og fisk, tilbúna rétti og sælkeraframleiðslu. Mjólkurstöðin er eins og nafnið gefur til kynna staðsett í húsnæði gömlu Mjólkurstöðvarinnar þar í bæ. Aðstandendur fyrirtækisins eru þeir Hákon Guðröðarson, Hafsteinn

Hafsteinnsson og Guðröður Hákonarson. Allt um Mjólkurstöðina og meira til á bls. 13

Í blaði vikunnar er einmitt kynning á almennings-samgöngum á Austurlandi, en fjögurra síðna umfjöllun frá Strætisvögum Austurlands er á bls. 7-10.

Síldarvinnslan hf
www.svn.is

STRÆTISVAGNAR AUSTURLANDS

Leiðakerfi Sjá bls. 7



Fljótsdalshérað, Höttur og UÍA taka saman þátt í Hreyfiviku (Move week) annað árið í röð, vikuna 7.-13. október. „Með vikunni viljum við vekja athygli á kostum þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega og óskum eftir þátttöku sem flestra. Íþróttálfurinn mun meðal annars koma í heimsókn.“

bls. 15

Meðal efnis:

- Opnun sjúkrahjálfunarstofunnar Heilsuleiða á Egilsstöðum **bls. 15**
- Sláturfélag Austurlands gjaldþrota **bls. 2**
- Ný brú í Seldal **bls. 2**
- Staða Norðfjarðarganga **bls. 2**
- Sveinn Snorri Sveinsson er Austurskáld vikunnar **bls. 4**
- Sælkeri vikunnar, „Fyrir 11 árum“ og lokaorð baksíða

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NAUTA Veisla
Ferskt hakk

FERSKT 100% ISLENSKT

1298 krónur kg

NAUTAVEISLU NAUTGRIPAHAKK

98 krónur kg

Frosin lambalifur

2998 krónur kg

Frosið lambafillet

Endurnýjun brúar í Seldal

Nýverið lauk endurnýjun á brúnni í Seldal inn af Norðfjarðarsveit. Verkefnið var unnið í samvinnu við Vegagerðina og var fjármagnað með framlögum úr styrkvegaskjóði. Í haust verður vegkaflinn frá brúnni og upp á Þjóðveg

lagfærður og borið í hann. Þessi vegkaflir þjónustar sumarbústaðahverfið í Skuggahlíð og eru framkvæmdirnar kærkomnar fyrir allt útivistarfólk, þar sem Seldalur er vinsælt göngusvæði í Norðfjarðarsveit.

Sláturfélag Austurlands gjaldþrota

Sláturfélag Austurlands hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta en það rak bæði kjötvinnslu og kjöt- og fiskbúð á Egilsstöðum undir vörumerkinu Snæfell sem opnuð var í maí síðastliðnum. Sláturfélagið var stofnað árið 2001 en það var samvinnufélag bænda á Austurlandi.

Á fréttavef ruv.is segir að íbúar á Egilsstöðum undrist lokun búðarinnar en þar virtist vera mikil velta. Samkvæmt heimildum fréttastofunnar munu

meðal annars óhagstæð innkaup og léleg nýting hráefnis hafa orðið fyrirtækinu að falli.

Þar segir einnig að stjórn sláturfélagsins hafi látið gera óháða úttekt á rekstrinum og samkvæmt henni þurfti 10-15 milljónir króna til að halda áfram rekstri. Þegar ljóst varð að það fjármagn fengist ekki ákvað stjórnin að setja félagið í þrot. Vonast er til að eignir dugi langleiðina upp í kröfur.

Fyrsta íbúðarhúsið sem rís í 18 ár Uppgangur á Vopnafirði

Senn mun rísa fyrsta íbúðarhúsið sem byggt hefur verið á Vopnafirði síðan 1995, en það er Mælifell ehf. sem mun þar reisa þarhús. Verkið hófst formlega í síðustu viku með greftri Steineyjarmanna.

Hönnuður húss er Bent Larsen Fróðason og segir á heimasíðu Vopnafjarðarkaupstaðar að sómi verði að húsinu. Húsið er nýrst í þænum og það fyrsta sem komið er að á leið inn í bæinn. Þar segir

einnig að táknað sé að fyrsta hús er ferðamaðurinn kemur að skuli vera nýbygging – táknað fyrir þær sakir að viðspyrna skuli vera orðin að sókn.

Magnús Már Þorvaldsson, upplýsinga- og menningarmálafulltrúi á Vopnafirði segir þennan atburð afar gleðilegan. „Þetta er virkilega ánægjulegt. Það er að fjölga hjá okkur og þörf fyrir nýju húsnæði á markaðinn. Hér stefnir allt hægt og bitandi í rétta átt.“

„Fyrstu sprengingar geta vonandi hafist í byrjun október“

Suðurverk hf. byrjaði um helgina að ýta með jarðyту frá stafni nýrra Norðfjarðaganga.

Guðmundur Björnsson, starfsmaður hjá Hnit, segir verkið vera að síga hægt en örugglega af stað. „Búid er að grafa að mestu leyti ofan af fyrirhuguðum

gangamunna Eskifjarðarmegin. Því næst förum við í að hreinsa svæðið og sprengingar geta vonandi hafist snemma í október. Einnig höfum við verið að setja upp vinnubúðirnar sem og skrifstofueiningar.“

Ekki misst úr réttum í 80 ár

Skúli Andrésson var heiðraður í Njarðvíkurrétt um helgina

Sá merkilegi atburður átti sér stað í Njarðvíkurrétt um helgina, að Skúli Andrésson bóndi á Framnesi í Borgarfirði mætti þar í áttugasta skiptið í röð. Skúli er 86 ára gamall og hefur ekki misst úr ár í réttum síðan hann fór í sína fyrstu, sex ára gamall. Af þessu tilefni setti Andrés Björnsson saman þessa vísu:

Nú skal hylla hraustan mann sem hljóp um fyrir löngu. Í áratugi átta hann ekki misst úr göngu.

Satt við segjum þessu frá svona er vert að fréttu. Oft menn segja eflaust jþjá af minni ástæðu en þetta.

Kveðja frá réttarvönnum



Skúli Andrésson í Njarðvíkurrétt. Ljós. Andrés Skúlason.

Pungir þankar (69)

Byltingar éta börnin sín



Það er kunnara en frá þurfi að segja að kommúnistar eru nánast horfnir af jarðriki. Þessi göfuga hugsjón eignaðist foringja, sem fóru sem logi um akur land úr landi og drápu alla þá sem ekki voru kommúnistar. Auðvitað átti þetta að fjölga kommúnistum, en það gagnstæða gerðist, þeir hurfu nánast alveg.

Sama leikinn lék þjóðernissinninn Hitler, þegar hann ætlaði að bjarga heiminum. Útkoman var sú að engin kenning er jafn illa ræmd og nasisminn

1. Fagrar trúarkeningar hafa líka fengið að kenna á þessu, ekki síst kristindómurinn. Þar hafa alltaf verið til einstaklingar, sem vilja útrýma fólki sem ekki játar sama sið. Einn þeirra heitir

Anders Behring Breivik. Förum ekki nánar út í það.

Múhammedstrú er sjálfsgagt ágætur siður, hef ekki kynnt mér hann til hlítar. Það ofbeldi sem sumir af leiðtogum þeirrar trúar, hlýtur þó að draga úr útbreiðslu hennar.

Margir hafa talað um „vorið í Austurlöndum nær“ og vænst aukins lýðræðis í kjölfar byltinga í Túnis, Egyptalandi og Libýu. Fólki áttar sig ekki á því að í öllum þessum löndum beittu uppreisnarmenn skefjalaus ofbeldi, sem nú kemur í bakið á því. Þessi lönd eru að mínu viti ekki á leið til lýðræðis í dag, öðru nær. Hvað við tekur í Sýrlandi að lokinni borgarastyrjöld veit enginn.

Það eitt er víst að vopnaður sigur er oftast en ekki siðferðilegur ósigur, og

„engin vopnaþjóð er að vísu frjálst og að vanda sker hún sig fyrir á háls en óvin sinn.“ (Þ. Vald).

Sigurjón Bjarnason

Alcoa Fjarðaál



Fréttir frá Fjarðaáli

Umsjón: Hilmar Sigurbjörnsson ritstjóri Álpappirsins, fréttabréfs starfsmanna Alcoa Fjarðaáls.

Samfélagsverkefni starfsmanna Alcoa

Árið 2013 vinna starfsmenn Alcoa Fjarðaáls og fjölskyldur þeirra níu svokölluð ACTION-verkefni sem snúa að velferð barna, unglinga, fatlaðra og eldri borgara. Fimm eða fleiri starfsmenn vinna í fjórar klukkustundir eða lengur að hverju verkefni. Samfélagsgjóður Alcoa styrkir þá um leið viðkomandi samtök um 1.500 eða 3.000 dollara. Tvö verkefni voru unnin um síðustu helgi.

Þjónustuíbúðir fatlaðra í Neskaupstað 28. september

Í Neskaupstað var lögð stétt og smíðaðir þrjár rampar fyrir hjóla-stóla við þjónustuíbúðir fatlaðra. Fjarðabyggð lagði til efni, mann-skap og tæki við gerð undirlags fyrir stéttina, Sigurjón Kristinsson trésmíðameistari veitti faglega aðstoð og G. Skúlason gaf ryðfrítt stál á brúnir rampanna.



Hlöðver Geirsson hamraði niður hellur í fullkomna stétt.




Guðni og Siggi Sveins smíða ramp fyrir hjólastóla.




Hérna er búid að leggja stéttina og smíða rampana fyrir hjólastólana. Eftir er að setja trékanta og ryðfrítt stál á brúnir rampanna.

Félagsheimilið Zveskjan Reyðarfirði 28. september

Á Reyðarfirði var lagt til atlögu við Zveskjuna, félagsmiðstöð grunnskólans. Verkefnalistinn var langur og vinnan fjölbreytt eins og myndirnar bera með sér.



Gummi Páls lagði lýsinguna í Zveskjuni.



Smári Kristinsson kom frá Egilsstöðum til að leggja parket í Zveskjuni og gerði það af alkunnri fagmennsku.



Daníel Heidarssyni fannst ekki leiðinlegt að fá að ryksuga.



Jitka naut þess að vera úti í góða veldrinu að laga til í kringum Zveskjuna.

RITSTJÓRASPJALL

Kálfur er fæddur og það að haustlagi. Austurbrúar-kálfurinn sko, upplýsinga-heftið um hið stórglæsilega almenningssamgöngukerfi á Austurlandi.

Ég man alveg óskaplega lítið úr æsku minni. Sumar vinkonur mínar geta þulið upp heilu bálkana úr grunnskólagöngu sinni og muna jafnvel fötin sem þær klæddust fyrstu þrjár vikurnar í öðrum bekk. Þetta þykir mér alveg einstaklega merkilegt, en efast þó á sama tíma um að ég hafi yfirhöfuð verið uppi öll þessi ár.

Auðvitað man ég þó einstaka atriði. Eins og þegar Jói bróðir skar upp sparibaukinn minn og stal öllum bláu tiköllunum sem ég var búin að safna heilan vetur. Hann vantaði vist nauðsynlega pening fyrir bensíni á skellinöðruna sína blessaður. Mamma lét hann heyraða og hann sá sóma sinn í því að borga mér til baka. Eins fallett.

Einnig man ég eftir ákveðinni rútúferð. Í þá daga var aðeins flugrútan á ferðinni. Einhverju sinni fórum við mamma með henni frá Stöðvarfirði. Ekki þó til móts við flug, heldur til þess að fara til tannlæknis á Egilsstöðum. Þessa ferð man ég eins og hún hafi gerst í gær, í allra mesta lagi í síðustu viku. Ég hef verið sirka sex ára. Við mæðgur vorum einar í rútúnni, fyrir utan unglingsstelpu. Hún sat fremst. Ég man ég virti hana fyrir mér og fannst hún fallettri en álfadis. Ó hvað mig langaði að vera eins og hún. Með sitt ljóst, liðað hár. Líklega af því að sjálf var ég með spegilslétt og hrafnsvart. Nema bara hvað. Á miðri leið fór stelpa á ferðina. Gekki í áttina til okkar. Stoppaði svo fyrir framan sætið hjá okkur, rétti út hendina og sagði; „Viltu sleikjó?“ Ég man ennþá hvernig sleikjóinn var. Ljósbleikur, þunnur með blómamynd í miðjunni. En hvað gerði ég? Hristi hausinn og kom ekki upp orði. Mamma reyndi að koma fyrir mig vitinu og þiggja gjöfina, en það var ekki við það komandi.

Ástæðan var hvorki sú að mig langaði ekki í sleikjóinn eða hafði fyrirfram samviskubít vegna sælgætisáts á leið minni til Ragnars tannlæknis. Ég hafði aldrei séð nammi sem mig langaði meira í. Aldrei. Ástæða neitunarinnar var sú að ég var svo stjarnfræðilega feimið barn að leitun var að öðru eins. Treysti mér engan vegin til þess að segja já og þurfa þá að eiga í samskiptum um framhaldið. Aumingja álfadisín brosti bara kurteislega, dró hendina til baka og hélt aftur í sæti sitt.

Þetta eru nánast einu kynni mín af almenningssamgöngum á Austurlandi. Ég á þó líklega eftir að bæta úr því, enda hef ég mannast til muna með árunum.

Geymið blaðið, fyrir alla muni – hver veit hvenær þið ætlið næst að skella ykkur í ferð.



Ljósma. Kormákur Máni - KOX

Hollráð Hunda Hönnu



Sæl HundaHanna

Við fjölskyldan vorum að fá okkur hvolp og langar til þess að hann sé áreiðanlegur þegar við köllum á hann. Hvernig getum við þjálfað upp gott innkall?

Hvolpar vilja yfirleitt ólmir vera hjá manni og fara sjaldan langt en stundum gera eigendur þau mistök að ætlast til þess að hvolpurinn viti hvað „komdu“ þýðir, án þess að hafa kennt honum það.

Þetta merkir að alltaf verður að segja „komdu“ þegar hvolpurinn er á leið í áttina til þín en ekki frá þér. Hann þarf að tengja orðið við það að hlaupa til þín – og ekki er verra að það bíði honum eitthvað gúmmelaði þegar hann er kominn alla leið til þín.

Passaðu þig á því að ef þú verðlaunar hann fyrir að koma, þarftu að verðlauna akkúrat það, en ekki segja „komdu“ og svo „sestu“ og verðlauna svo. Alltaf verðlauna um leið og hundurinn kemur.

Gangi ykkur vel!

Austurskáld

Hrafnkell Lárusson, Austurskáld síðasta blaðs, skoraði á Svein Snorra Sveinsson að kasta fram ljóði. Sveinn gerði það með glöðu geði og sendi jafnframt með örlitla hugleiðingu.

Barátta góðs og ills hefur lengi verið mér umhugsunarefni eins og í öðru óbirtu ljóði eftir mig þar sem myrkrið er þeirrar náttúru að ljósið getur ekki lýst það upp, þá tefli ég þessum andstæðum fram með ákveðna hugsun í huga:

Hið vonda getur aldrei sigrað
því sigur felur í sér
eitthvað gott
en það vonda
verður alltaf vont.

Sveinn Snorri skorar í framhaldinu á Arndísi Þorvaldsdóttur að koma með næsta innlegg á þessum stað í blaðinu.



NÝR HEIMUR TÆKIFÆRA

Fluor Ísland hefur það að markmiði að þróa langtímasamband við viðskiptavinum sína með það að leiðarljósi að bæta ferla, auka skilvirkni og hjálpa til við að bæta framleiðslugetu í verksmiðju Alcoa Fjarðaáls á Austurlandi. Fluor býður upp á heildarlausnir í verkefnastýringu og verkfræðipjónustu, allt frá hugmyndavinnu til innleiðingar og eftirfylgni verkefna.

VÉLAVERKFRÆÐINGUR (MECHANICAL ENGINEER)

Fluor Ísland vantar vanan vélaverkfræðing til starfa hjá fyrirtækinu sem staðsett er í Fjarðabyggð. Vélaverkfræðingur ber ábyrgð á þjónustupáttum Fluor sem lúta að vélfræðilegri virkni í framleiðslu Fjarðaáls. Hlutverk hans er að veita ráðgjöf gagnvart vélbúnaði, stýring innkaupa, val á birgjum vegna vélbúnaðar, uppsetning búnaðar og ráðgjöf er lýtur að viðhaldi og virkni.

STARFLÝSING

- Verkætlanagerð og skipulagning
- Gerð þarfagreininga og innihaldslýsinga varðandi vélbúnað
- Innkaup á viðeigandi vélbúnaði
- Samskipti við birgja og viðskiptavinum og undirverktaka

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólagráða í vélaverkfræði, meistaragráða er mikill kostur
- A.m.k 5 ára reynsla af verkfræðitengdri hönnun eða sambærilegu starfi
- Skipulagshæfileikar og dugnaður
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Vilji til ferðalaga og framúrskarandi hæfni í ensku

Nánari upplýsingar veita:

Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarrestur er til og með 17. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

FLUOR®

austur glugginn

frétt nammi vikublað

Viltu auglýsa í Austurglugganum?

Auglýsingasíminn er
891 6484

austur glugginn

frétt nammi vikublað



Áskriftarsími
austurgluggans er

891 6484

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Kristborg Bóel Steindórsdóttir • frett@asturglugginn.is • Fréttasími: 477 1750
Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Guðmundur Y Hraunfjörð • 477 1571 & 891 6484 - auglysing@asturglugginn.is
Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 - fagri15@simnet.is
Útgefandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprint.

austur glugginn

Kynningarfundur



VÍKA LAUGARDALSHÖLL
6.-9. mars 2014
- tælni og tælfæri

Forsvarsmenn fyrirtækja á Austurlandi

Við minnum á kynningarfundin sem haldin verður vegna fyrirhugaðrar lönsýningar sem fram fer í Reykjavík 6-9 mars 2014. Kynningarfundurinn verður haldin í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði þann 7. október kl 13:00. Boðið verður uppá léttan hádegisverð á undan eða kl 12:30. Samtök löndarins og Goggur munu halda lönsýninguna saman.

Fyrir hönd Goggs mæta
Sigurjón M Egiðsson blaðamaður
Hildur Sif Kristborgardóttir Framkvæmdarstjóri Goggs
Sædis Eva Birgisdóttir Útgáfustjóri Goggs.

GOGGUR Sjáumst á mánudaginn. **SI** **20**

Myndir á kökum!

Við prentum myndirnar á hágrasa ofnæmisprófaðan glúteínlausan sykurmassa, sem er án allra aukaeftna. Hægt er að kaupa myndina sér svo þú getir skreytt þína köku með fallegri mynd.



sesam BRAUÐHÚS Hafnargötu 1 Reyðarfirði
s: 475 8000 sesam@sesam.is

Heildstætt samgöngukerfi sem þjónar heilum landshluta



Strætisvagnar Austurlands (SVAust) hófu formlega göngu sína í sumar en með þjónustunni var brotið blað í almenningssamgöngum í fjórðungnum þar sem Strætisvagnar Austurlands eru fyrsta heildstæða almenningssamgöngukerfið sem þjónar heilum landsfjórðungi.

Í desember á síðasta ári efndi framkvæmdastjórn SSA til hugmyndasamkeppni um nafn og merki fyrir nýja almenningssamgöngukerfið sem var þá í burðarliðunum. Hlutskörpust varð Alma J. Árnadóttir, en alls bárust átta tillögur. Í rökstuðningi dómnefndar kom m.a. fram að vinningstillaga Ölmur sameini þá kosti að vera einföld, skýr og alþjóðleg.

Ný gjaldskrá

Með SVAust tók gildi gjaldskrá sem byggir á gjaldsvæðum. Hvert gjaldsvæði spannar 15 km og tekur almennt fargjald mið af þeim fjölda gjaldsvæða sem ferðast er um.

Forsagan

Leiðarkerfi SVAust hefur verið rekið í hálf tveim árum sem þróunarverkefnið Skipulagðar almenningssamgöngur á Austurlandi. Því var upphaflega hrundið af stað af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og Austurbrú á grundvelli samnings Vegagerðar ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga um

sérleyfisakstur. Grunnur kerfisins byggist hinsvegar á öflugum samgöngukerfi Alcoa Fjarðaáls sem viðkemur starfsmannaakstri auk þess sem alþjóðlegi samfélagssjóðurinn Alcoa Foundation styrkir verkefnið til þriggja ára.

Rekstur leiðakerfisins byggir á þremur stoðum; sérleyfissamningum, starfsmannaakstri Alcoa Fjarðaáls og akstri sveitarfélaga. Við þá þjónustu sem áður byggðist á sérleyfissamningum á milli Vegagerðarinnar og sérleyfishafa bætist annars vegar sá akstur sem var á vegum einstakra sveitarfélaga og hins vegar starfsmannaakstur Alcoa Fjarðaáls. Fjarðabyggð, Seyðisfjörður og Djúpivogur hafa haft milligöngu fyrir hönd þeirra átta sveitarfélaga sem eru á Austurlandi um samningagerð við viðkomandi akstursaðila, ásamt þeim sársamningi sem gerður hefur verið vegna aksturs til Borgarfjarðar eystri.

Markmið sveitarfélaganna á Austurlandi er að heildstætt kerfi í almenningssamgöngum gegni því tvíþætta hlutverki að tengja byggðir landshlutans saman og veita íbúum og ferðamönnum raunhæfan valkost í ferðum jafnt innan fjórðungsins sem til hans og frá. Framtíðarþróun verkefnisins felst í því að bjóða uppá tíðari ferðir auk þess að tengja inni kerfið akstur milli Breiðdalsvíkur og Djúpvavogs og frá Vopnafirði.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, fulltrúi nýsköpunar og þróunar hjá Austurbrú, netfang asta@austurbru.is.

Eru skólprörin í húsinu þínu farin að gefa sig?



Það hefur aldrei verið eins þægilegt að láta gera við **Frárennslislagnir!**

Við **fóðrum skólp og frárennslislagnir** að innan.

Tímamantanir símar:
695 4789 (Guðmundur) - 571 0300

PROLINE
www.proline.is

Geymdu mig



Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 1-Reyðarfjörður-Eskifjörður-Norðfjörður

Reyðarfjörður (Byko)	07:35	09:30	15:47	16:50	19:25	
Reyðarfjörður (Molinn)	07:37	09:35	15:50	16:55	17:45	19:27
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	07:38	09:36	15:51	16:56	19:28	
Reyðarfjörður (Fjarðabyggðarhöllin)					17:47	
Alcoa Fjarðaál	08:20	16:00	16:10	18:00	19:38	20:20
Eskifjörður (Sundlaug)	07:50	08:26	09:45	16:16	17:10	18:06
Eskifjörður (Þjónustumiðstöð/ Shell)	07:52	08:28	09:47	16:18	17:12	18:08
Eskifjörður (Strandgata/Steinholt)	07:55	08:30	09:49	16:20	17:15	18:10
Eskifjörður (Valhöll)	07:56	08:31	09:50	16:21	17:16	18:11
Norðfjörður (Orkan)	08:20	08:51	10:20	16:41	17:36	18:31
Norðfjörður (Hafnarbraut/ Gilsbakki)	08:22	08:53	10:22	16:43	17:38	18:33
Norðfjörður (Miðstræti/ Stekkjargata)	08:23	08:55	10:23	16:44	17:39	18:34
Norðfjörður (VA)	08:24	08:56	10:25	16:46	17:41	18:36
Norðfjörður (Nesbakki)	08:26	08:58	10:26	16:48	17:43	18:38

09:30/16:50 =Ekur milli Egilsstaða og Norðfjarðar

Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 1-Norðfjörður-Eskifjörður-Reyðarfjörður

Norðfjörður (Nesbakki)	07:00	14:10	16:20	18:50		
Norðfjörður (VA)	07:01	14:11	16:25	18:51		
Norðfjörður (Miðstræti/ Stekkjargata)	07:03	14:13	16:27	18:52		
Norðfjörður (Hafnarbraut/ Gilsbakki)	07:04	14:14	16:28	18:54		
Norðfjörður (Orkan)	07:05	14:15	16:29	18:55		
Eskifjörður (Strandgata/Steinholt)	07:32	14:42	16:50	19:25		
Eskifjörður (Valhöll)	07:33	14:43	16:51	19:26		
Eskifjörður (Þjónustumiðstöð/ Shell)	07:35	14:45	16:53	19:27		
Eskifjörður (Sundlaug)	07:36	14:46	16:54	19:29		
Alcoa Fjarðaál	08:20	16:05	18:00	19:38	20:20	
Reyðarfjörður (Fjarðabyggðarhöllin)						
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	07:48	08:27	14:58	16:12	17:08	18:07
Reyðarfjörður (Molinn)	07:50	08:29	15:00	16:14	17:10	18:09
Reyðarfjörður (Byko)	07:51	08:31	15:01	16:16	17:11	18:11

07:00/14:10 =Ekur milli Norðfjarðar og Egilsstaða

Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 2-Reyðarfjörður-Egilsstaðir

Alcoa Fjarðaál		08:20	16:10	18:00	20:20
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	07:48	08:27	14:58	16:12	18:07
Reyðarfjörður (Molinn)	07:50	08:29	15:00	16:19	18:09
Reyðarfjörður (Byko)	07:51	08:31	15:01	16:21	18:11
Egilsstaðir (Selbrekka v. Sey.fj.veg)		08:54	16:44	18:34	20:54
Egilsstaðir (Árskógar/ Dalskógar)		08:57	16:46	18:37	20:57
Egilsstaðir (Íþróttamiðstöð)	08:17	08:59	15:28	16:49	18:39
Egilsstaðir (Upplýsingamiðstöð)	08:19		15:30		
Egilsstaðir (Hamragerði)		09:03	16:53	21:03	
Egilsstaðir (Flugvöllur)	08:30		15:40		
Fellabær (Olís)		09:09	16:59	18:49	21:09

07:48/14:58 =Ekur milli Norðfjarðar og Egilsstaða

Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 2-Egilsstaðir-Reyðarfjörður

Fellabær (Olís)		14:45	18:50	
Egilsstaðir (Flugvöllur)	09:00	16:15		
Egilsstaðir (Hamragerði)		14:50	19:55	
Egilsstaðir (Upplýsingamiðstöð)	09:02	16:20		
Egilsstaðir (Íþróttamiðstöð)	09:04	14:55	16:22	19:00
Egilsstaðir (Árskógar/ Dalskógar)		14:57	19:02	
Egilsstaðir (Selbrekka v. Sey.fj.veg)		15:00	19:05	
Reyðarfjörður (Byko)	09:30	15:20	16:50	19:25
Reyðarfjörður (Molinn)	09:35	15:22	16:55	19:27
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	09:37	15:25	16:57	19:30
Alcoa Fjarðaál		15:35	19:40	

09:00/16:15 =Ekur milli Egilsstaða og Norðfjarðar

Almennt:

Farþegar vinsamlegast framvísið við bílstjóra, mánaðarkorti eða miða, um leið og komið er í bílinn. Þá er einnig mikilvægt að mæta tímanlega fyrir áætlaðan brottfarartíma.

Vetur-Laugar-, sunnu- og helgidaga

Leið 1-Reyðarfjörður-Eskifjörður-Norðfjörður

Reyðarfjörður (Byko)	11:15	L	19:30	
Reyðarfjörður (Molinn)	11:20	L	19:32	
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	11:21	L	19:35	
Reyðarfjörður (Fjarðabyggðarhöllin)				
Alcoa Fjarðaál	08:20	19:45	20:20	
Eskifjörður (Sundlaug)	08:26	11:30	L	20:26
Eskifjörður (Þjónustumiðstöð/ Shell)	08:28	11:32	L	20:28
Eskifjörður (Strandgata/Steinholt)	08:30	11:34	L	20:30
Eskifjörður (Valhöll)	08:31	11:35	L	20:31
Norðfjörður (Orkan)	08:51	11:55	L	20:51
Norðfjörður (Hafnarbraut/ Gilsbakki)	08:53	11:56	L	20:53
Norðfjörður (Miðstræti/ Stekkjargata)	08:55	11:57	L	20:55
Norðfjörður (VA)	08:56	11:59	L	20:56
Norðfjörður (Nesbakki)	08:58	12:00	L	20:58

L = Ekur á laugardögum

11:15 =Ekur milli Egilsstaða og Norðfjarðar

Vetur-Laugar-, sunnu- og helgidaga

Leið 1-Norðfjörður-Eskifjörður-Reyðarfjörður

Norðfjörður (Nesbakki)	08:55	L	18:50	
Norðfjörður (VA)	08:56	L	18:51	
Norðfjörður (Miðstræti/ Stekkjargata)	08:58	L	18:52	
Norðfjörður (Hafnarbraut/ Gilsbakki)	08:59	L	18:54	
Norðfjörður (Orkan)	09:00	L	18:55	
Eskifjörður (Strandgata/Steinholt)	09:27	L	19:25	
Eskifjörður (Valhöll)	09:28	L	19:26	
Eskifjörður (Þjónustumiðstöð/ Shell)	09:30	L	19:27	
Eskifjörður (Sundlaug)	09:31	L	19:29	
Alcoa Fjarðaál	08:20	19:38	20:20	
Reyðarfjörður (Fjarðabyggðarhöllin)				
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	08:27	09:43	L	19:47
Reyðarfjörður (Molinn)	08:29	09:45	L	19:50
Reyðarfjörður (Byko)	08:31	09:46	L	19:51

L = Ekur á laugardögum

8:55 =Ekur milli Norðfjarðar og Egilsstaða

Vetur-Laugar-, sunnu- og helgidaga

Leið 2-Reyðarfjörður-Egilsstaðir

Alcoa Fjarðaál	08:20	20:20
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	08:27	09:43
Reyðarfjörður (Molinn)	08:29	09:45
Reyðarfjörður (Byko)	08:31	09:46
Egilsstaðir (Selbrekka v. Sey.fj.veg)	08:54	20:54
Egilsstaðir (Árskógar/ Dalskógar)	08:57	20:57
Egilsstaðir (Íþróttamiðstöð)	08:59	10:07
Egilsstaðir (Upplýsingamiðstöð)		10:09
Egilsstaðir (Hamragerði)	09:03	21:03
Egilsstaðir (Flugvöllur)	10:14	L
Fellabær (Olís)	09:09	21:09

L = Ekur á laugardögum

09:43 =Ekur milli Norðfjarðar og Egilsstaða

Vetur-Laugar-, sunnu- og helgidaga

Leið 2-Egilsstaðir-Reyðarfjörður

Fellabær (Olís)	18:50
Egilsstaðir (Flugvöllur)	10:45
Egilsstaðir (Hamragerði)	19:55
Egilsstaðir (Upplýsingamiðstöð)	10:47
Egilsstaðir (Íþróttamiðstöð)	19:00
Egilsstaðir (Árskógar/ Dalskógar)	19:02
Egilsstaðir (Selbrekka v. Sey.fj.veg)	10:52
Reyðarfjörður (Byko)	11:15
Reyðarfjörður (Molinn)	11:20
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	11:22
Alcoa Fjarðaál	19:40

L = Ekur á laugardögum

10:45 =Ekur milli Egilsstaða og Norðfjarðar

Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 3-Reyðarfjörður-Breiðdalsvík

Alcoa Fjarðaál	08:20	16:05	18:00	20:20
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	08:27	16:12	18:07	20:27
Reyðarfjörður (Fjarðabyggðarhöllin)				
Reyðarfjörður (Molinn)	08:29	16:14	18:09	20:29
Reyðarfjörður (Byko)	08:31	16:16	18:11	20:31
Fáskrúðsfjörður (Við kirkjugarð)	08:50	16:35	18:28	20:50
Fáskrúðsfjörður (Skólavegur)	08:52	16:37	18:30	20:52
Fáskrúðsfjörður (Skrúður)	08:53	16:38	18:31	20:53
Fáskrúðsfjörður (Skólavegur/Hólsstígur)	08:55	16:40	18:33	20:55
Fáskrúðsfjörður (Hafnargata v. Franska sp.)	08:57	16:42	18:35	20:57
Fáskrúðsfjörður (Búðavegur)	09:00	16:40	18:38	21:00
Stöðvarfjörður (Brekkan-uppl.miðstöð)	09:20	17:00	21:20	
Breiðdalsvík (Kaupfjlagið)	09:40	17:15	21:40	

Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 3-Breiðdalsvík-Reyðarfjörður

Breiðdalsvík (Kaupfjlagið)	06:20	14:15	18:20
Stöðvarfjörður (Brekkan-uppl.miðstöð)	06:40	14:35	18:40
Fáskrúðsfjörður (Búðavegur)	07:00	14:55	17:10
Fáskrúðsfjörður (Hafnargata v. Franska sp.)	07:02	14:57	17:12
Fáskrúðsfjörður (Skólavegur/ Hólsstígur)	07:03	14:58	17:13
Fáskrúðsfjörður (Skrúður)	07:05	15:00	17:15
Fáskrúðsfjörður (Skólavegur)	07:06	15:01	17:16
Fáskrúðsfjörður (Við kirkjugarð)	07:07	15:02	17:17
Reyðarfjörður (Byko)	07:25	15:20	17:30
Reyðarfjörður (Molinn)	07:27	15:22	17:33
Reyðarfjörður (Fjarðabyggðarhöllin)		17:36	
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	07:30	15:25	17:38
Alcoa Fjarðaál	07:38	15:35	19:38

Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 4-Seyðisfjörður-Egilsstaðir

Seyðisfjörður (Herðubreið)	07:55	10:15	*	15:50
Egilsstaðir (Upplýsingamiðstöð)	08:30	10:40	*	16:25
Egilsstaðir (Flugvöllur)	08:35	10:45	*	16:30

* = Ekur á ðeins á þriðjudögum frá 27.08.2013 -22.10.2013 og 01.04.2014-10.06.2014

Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 4-Egilsstaðir-Seyðisfjörður

Egilsstaðir (Flugvöllur)	08:55	10:55	*	16:35
Egilsstaðir (Upplýsingamiðstöð)	09:00	11:00	*	16:40
Seyðisfjörður (Herðubreið)	09:40	11:40	*	17:10

* = Ekur á ðeins á þriðjudögum frá 27.08.2013 -22.10.2013 og 01.04.2014-10.06.2014

Vetur-Mánudaga-föstudaga

Leið 6-Djúpivogur-Höfn

Djúpivogur (Hótel Framtið)	08:15	*	12:00	**
Höfn (Flugvöllur)	09:20	*	13:10	**

* = Ekur á mánu-, miðviku- og föstudögum.

* = Ekur á fimmtudögum

Vetur-Laugar-, sunnu- og helgidaga

Leið 6-Djúpivogur-Höfn

Djúpivogur (Hótel Framtið)	14:00	S
Höfn (Flugvöllur)	15:10	S

S = Ekur á sunnudögum

Vetur-Mánudaga-föstudaga


Leið 5-Borgarfjörður-Egilsstaðir

Borgarfjörður (Fjarðaborg)	08:00
Egilsstaðir (Upplýsingamiðstöð)	09:00

Vetur-Laugar-, sunnu- og helgidaga

Leið 3-Reyðarfjörður-Breiðdalsvík

Alcoa Fjarðaál	08:20	20:20
Reyðarfjörður (Austurvegur/ Barkur)	08:27	20:07
Reyðarfjörður (Fjarðabyggðarhöllin)		
Reyðarfjörður (Molinn)	08:29	20:29

**Sölustaðir:**

Reyðarfjörður
- Íþróttahús, Heiðarvegi 10
- Bæjarskrifstofur Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2

Fáskrúðsfjörður
- Íþróttahús, Óseyri 1
- Sundlaug, Skólavegi 37

Norðfjörður
- Sundlaugin Miðstræti 15

Eskifjörður
- Sundlaug, Dalbraut 3a

Stöðvarfjörður
- Íþróttahús og sundlaug, Skólabraut 20

Breiðdalsvík
- Íþróttamiðstöð Breiðdalshrepps, Selnesi

Egilsstaðir
- Kaffiterían á Egilsstaðaflugvelli
- Upplýsingamiðstöð Austurlands, Miðvangi 1

Nánari upplýsingar:
Veffang: www.east.is og www.fjardabyggd.is
Netfang: svaust@austurbru.is
Sími: 471-2320

Gjaldskrá:

Gjaldskráin byggir á gjaldsvæðum. Hvert gjaldsvæði spannar 15 km. og tekur almennt fargjald mið af þeim fjölda gjaldsvæða sem ferðast er um.

Taflan hér til hliðar sýnir hve marga miða þarf til að komast á milli staða.
1 miði = 350 kr.
10 miðar = 2.800 kr.

Þá er einnig hægt að kaupa 1, 3, 6, 9 eða 12 mánaðakort.

Nánari upplýsingar um gjaldskrána er að finna á heimasíðu Austurbrúar og Fjarðabyggðar.

Nafn	Borgarfjörður	Seyðisfjörður	Egilsstaðir	Norðfjörður	Eskifjörður	Alcoa Fjarðaál	Reyðarfjörður	Fáskrúðsfjörður	Stöðvarfjörður	Breiðdalsvík	Djúpvogur	Höfn
Borgarfjörður	8	5	10	9	8	8	9	11	12	16	23	
Seyðisfjörður	8	3	7	6	5	5	6	8	9	13	20	
Egilsstaðir	5	3	5	4	3	3	4	6	7	11	18	
Norðfjörður	10	7	5	2	3	3	4	6	7	12	18	
Eskifjörður	9	6	4	2	1	1	3	4	6	10	17	
Alcoa Fjarðaál	8	5	3	3	1	1	2	4	5	9	16	
Reyðarfjörður	8	5	3	3	1	1	2	3	5	9	16	
Fáskrúðsfjörður	9	6	4	4	3	2	2	2	4	8	15	
Stöðvarfjörður	11	8	6	6	4	4	3	2	2	6	13	
Breiðdalsvík	12	9	7	7	6	5	5	4	2	5	12	
Djúpvogur	16	13	11	12	10	9	9	8	6	5	7	
Höfn	23	20	18	18	17	16	16	15	13	12	7	

Gallery BAKARÍ

Óskum eftir verkum Stefáns Stórvals í sölu vegna fyrirhugaðar sölusýningar í Gallery Bakarí Bergstaðastræti 14, Reykjavík. Öll verk koma til greina.

Nánari upplýsingar gefur Árni Þór sími 821-7547 arni@gallerybakari.is



Til sölu 450m2 stálgrindarhús.

Launafl ehf auglýsir til sölu stálgrind og timburlektur í 450m2 stálgrindahús án klæðningar, 30x15m og með um 4m vegg hæð. Skemman var áður korngeymsla KHB á Reyðarfirði. Ásett verð 2.950.000,-



Upplýsingar í s: 414-9400 eða á netfang: bsj@launafl.is eða magnus@launafl.is



Smíðum stór og smá timbureiningahús fyrir íslenskar aðstæður.

Hönnuð húsin eftir óskum hvers og eins. Hagkvæmur og góður kostur.

Upplýsingar gefur Hrafnkell í síma 846-7272 eða á hteiningahus@gmail.com www.hthus.123.is

Vaxtarsamningur Austurlands auglýsir eftir umsóknum

Auglýst er eftir umsóknum í Vaxtarsamning Austurlands. Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember 2013 og umsóknir skilist rafrænt til Vaxtarsamnings Austurlands, vaxa@austurbru.is

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu Vaxtarsamningsins www.austurbru.is og eru umsækjendur einnig hvattir til að kynna sér samninginn og viðauka hans á sömu heimasíðu, en úthlutun fer fram skv. ákvæðum samningsins og viðaukum.

Nánari upplýsingar og ráðgjöf veitir Hrunn Snorradóttir hjá Austurbrú, netfang: vaxa@austurbru.is eða í síma 470-3851



Handritagerð og leikstjórn

Þriggja helga námskeið verður haldið í Sláturhúsinu á Egilsstöðum, 26. október til 10. nóvember.

Helgina 1. - 3. nóvember verður farið í leikhús- og námsferð til Akureyrar.

Kennarar: Kristian Guttesen, ljóðskáld, og Auðdís Tinna Hallgrímsdóttir, kvikmyndagerðarmaður. Námskeiðsgjald: 25.000 kr.

Skráning og upplýsingar í tölvupósti svidslistir@egilsstadir.is eða í síma 862 5404.

Skráningarfrestur er til 10. október.

STRÆTISVAGNAR AUSTURLANDS



KJARNAFÆÐI

LIFRARPYLSAN FRÁ KJARNAFÆÐI

~ gamaldags og góð!



Ekkert hveiti - ekkert sojaprótein - engin aukaefni

25
ÁRA

Veldu gæði, veldu Kjarnafæði

Veislupjónustan er bakbein fyrirtækisins (framhald af forsíðu)

Hákon er borinn og barnfæddur í Neskaupstað en flutti endanlega aftur heim með tilvonandi manni sínum, Hafsteini, fyrir tveimur og hálfu ári síðan. Hann segir þá hafa verið að brasast í ferðapjónustu í nokkur ár og eftir að þeir fluttu austur byrjuðu þeir á því að taka að sér eina og eina veislu, sem hefur svo sannarlega undið upp á sig.

„Við keyptum svo matartrukk, gamlan amerískan hertrukk, sem við förum með hvert sem er í veislur og á mannámót. Trukkurinn okkar kallast Fjallkonutrukurinn þar sem hún kemst á fjöll og er matarleg. Hún gerði það gott í sumar þó svo við höfum ekki farið á eins margar útihátíðir og við vildum, en þar sem við komum vöktum við lukku. Fólk er hissa á því að fá gæðaskyndibita sem er afgreiddur fljótt.

Fljótlega vantaði okkur almennilegt húsnæði til að geta framleitt meira magn af mat og þá datt Mjólkurstöðin upp í hendurnar á okkur. Um er að ræða gömlu mjólkurstöðina í bænum, en hún tengist okkur töluvert. Langafi stóð fyrir byggingu hússins og var kaupfélagsstjóri. Pabbi vann í Mjólkurstöðinni í mörg ár og flestir í fjölskyldunni hafa unnið hjá kaupfélaginu á einhverjum tímum. Húsið hafði staðið autt í 10 ár og beið þess eiginlega ekkert nema vera rífið. Við vildum endilega bjarga húsinu og lögðum gríðarlega vinnu í að koma því aftur í lag. Við enduðum svo með allt of stórt eldhús og þótti því tilvalið að endurvefja gömlu mjólkurstöðina. Við vissum að hér vantaði ferskvöru – byrjuðum bara með kjöt og fisk og svo höfum við verið að færa okkur í sælkeravöru, tilbúna rétti og take away.

Fyrirtækið heitir Hildibrand, í höfuðið á langafa mínum, Hildibrandi Guðröði kaupfélagsstjóra, sem er elskaður og dádur innan fjölskyldunnar. Það kom þó aldrei til greina að Mjólkurstöðin myndi ekki halda nafni sínu, hún verður aldrei annað.“

Ódýrari en kjöt- og fiskbúðir í Reykjavík

Hákon segir bakbein fyrirtækisins þó vera veislupjónustuna. „Þó svo að fólk sé mjög ánæggt með búðina og nýti sér hana töluvert, þá er hún ekki nóg til að halda uppi svona fyrirtæki. Búðin gleður og lífgar helling upp á mannlífið. Hún er líka skemmtileg fyrir þær sakir að okkur leyfist að vera í tilraunaeldamennsku, gera kannski tvo rétti af hverju og sjá hvað selst. Við erum mjög samkeppnishæf á markaði og erum alls ekki dýr sem sérvörverslun. Ég veit að við erum alveg töluvert ódýrari en kjöt- og fiskbúðir í Reykjavík og aðkomufólk verður dolfallið yfir úrvalinu og verðinu.

Við bendum þeim á að við búum í sjávarplássi og við gætum aldrei selt þorskin á 2000 krónur kílóíð og heimamenn njóta góðs af því.“

Rekjanleiki hráefnisins mikilvægur
„Við viljum sjá veislupjónustuna vaxa og dafna enn frekar. Við búum mjög vel að vera með svona stórt og öflugt eldhús sem getur framleitt mikið. Það er líka einstakt að vera með eldhús á hjólum þannig að við getum í rauninni farið með veislur hvert sem við viljum – alveg sama hver aðstaðan er, þess vegna uppá hálendi. Verkefnið okkar eru alltaf að stækka og við erum orðin vel samkeppnishæf við stærri fyrirtæki í sama geira. Stærsti munurinn á okkur og flestum er að við vinnum allt frá grunnu, heila skrokka og fisk með sporð. Þó svo að matseðilinn sé svipaður kaupum við nær ekkert frosið eða tilbúið. Til dæmis byrja litlu kjötbollurnar okkar sem skrokkur sem við fáum í hendurnar, sem við úrbeinum, hökkum og handrúllum. Svona viljum við vinna – að halda okkur við rekjanleika hráefnis, auk þess að nota eins mikið austfirskt og hægt er. Þetta teljum við gefa okkur ákveðið forskot, gestirnir okkar finna að þeir eru að borða hreinar afurðir.“

Brakandi ferskt og fjölbreytt úrval
Það er ekki hægt annað en fá vatn í munninn þegar Hákon talar um framleiðsluna. „Við framleiðum vörurnar okkar á staðnum. Við erum svo alltaf með kjöt- og fiskrétti í borðinu hjá okkur, tilbúna í bakka, vel útilátta og á mjög viðráðanlegu verði. Einnig erum við með salöt, ymiskonar meðlæti – bæði sósar og salöt og tilbúið grænmeti í ofninn. Við höfum getið okkur góðs orðs með skyrkökunum sem við búum til. Mikið af þessum vörum myndu henta í verslanir í kringum okkur og jafnvel sumar á landsvísu.“

Litríkur ferill

En, af hverju ætli Hákon hafi endað í matvælaíðnaði? „Æji úff,“ segir Hákon og hlær. „Ég er svona út um allt – ef ég væri barn væri ég pottþétt greindur ofvirkur.“

Hákon segist alltaf hafa haft áhuga á matargerð, en hann er alinn upp í sveit og fékk að vera með ömmu sinni að brasa í eldhúsinu. „Menn sáu kannski snemma hvert krókurinn beygðist og ég slapp við útiverkin. Ég fékk svo smám saman fjálsari hendur í eldhúsinu og var farinn að elda ofan í fjölskylduna á kvöldin þegar ég var unglingur.“

Að grunnskóla loknum vann Hákon á hóteli á Skógum í þrjú sumur. Hann fór svo til Montreux í Sviss í háskóla sem heitir HIM (Hotel institute de

Montreux), hótelskóla uppá gamla mátann. Þaðan lá leiðin til Bandaríkjanna í verklegt nám. „Skólinn sneri ekki mikið að matargerð, meira að hótél-, veitinga- og gæðastjórnun. Við vorum reyndar látin borða gríðarlega mikið af góðum mat og fengum gott vín til að þekkja það,“ segir Hákon áttur.

Hákon kom svo heim og kom að ýmsu áður en hann opnaði Mjólkurstöðina. Hann vann á Hilton í Reykjavík, rak veitingastaðinn Frú Lúlu í Neskaupstað, fór í hönnun í Listaháskólanum, var skemmtikraftur og veislustjóri svo fátt eitt sé nefnt.

„Ég hef alltaf haft gaman af því að vera svolítið ógrandi og ódrúvísi. Eftir að ég kynntist Hafsteini Hafsteinssyni, tilvonandi manninum mínum, sáuum við ekki fram á að geta framfleytt okkur í Reykjavík og ákváðum að gefa því séns að fara út á land. Hafsteinn er heimborgari en hafði aldrei komið lengra út fyrir Reykjavík en í Þórsmörk. Við komum hingað á þriggja mánaða vertíð og getum nú hvergi annars staðar hugsað okkur að vera.“

Vöntun á fjölbreyttari kvennastörfum
Hákon og Hafsteinn lífga heilmikið upp á lífið í Neskaupstað. „Hafsteinn hefur verið með námskeið fyrir krakka, heldur sýningar og er með opna vinnustofu í listasmiðjunni Þórsmörk í Neskaupstað,“ segir Hákon og bætir því við að það sé skemmtileg tilviljun að hann vinni nú í Þórsmörk þar sem hann hafði ekki komið lengra frá Reykjavík en í Þórsmörk syðri áður.

„Við stefnum á að vera hér. Okkur langar að ferdast og sjáum fram á að geta það með því að búa hér – eigum kannski einhvern afgang í lok mánaðar. Við erum mjög hamingjusamir ef við höfum nóg að gera og getum gert eitthvað fyrir svæðið í kringum okkur. Það er gríðarmikið starf framundan varðandi ferðapjónustu á svæðinu og við sjáum því fram á næg verkefni. Þó við séum aðallega núna að vinna að matargerð, liggur stefnan alltaf á aukin umsvif í ferðapjónustunni.

Við ætlum okkur stóra hluti, við viljum vera atvinnuskapandi og veita fólk tækifæri. Við erum um átta manns

í kringum fyrirtækið, en aðeins tveir starfsmenn í fullri vinnu. Hjá okkur fær ungt fólk tækifæri, sérstaklega konur. Á okkar svæði er vöntun á fjölbreyttari kvennastörfum, hér tengjast þau flest iðnaði og umönnun. Hér eru hæfileikaríkar konur á öllum aldri á hverju strái, sem ekki eru allar að vinna þá vinnu sem þær vildu vera í. Ég held að ferðapjónusta í Neskaupstað gæti skapað mjög fjölbreytt störf, ekki bara fyrir þær heldur líka fyrir ungt fólk og þá sem hafa áhuga á slíku.“

Áframhaldandi þróun framundan
Hákon segir að verkefnið framundan sé meðal annars að koma framleiddum vörum í áframhaldandi þróun, neytendavenni umbúðir og aukna dreifingu. „Við erum alltaf með Sushi á föstudögum og það er alveg sama hve mikið við gerum af því, það klárast alltaf. Við fáum fjölmargar fyrirspurnir hvort við getum sent það á aðra firði. Við höfum að sjálfsögðu reynt að koma til móts við þær óskir og sú hugmynd hefur komið upp að breyta almenningssamgöngum í Fjarðabyggð í Sushi train á föstudögum.“

Jólahlaðborð og jólaglög

Nú fer í hönd einn annasamasti tími hjá öllum veislupjónustum og þar er Hildibrand engin undantekning. „Við verðum bæði með jólahlaðborð og jólaglög í nóvember og desember.

Við ákváðum að endurlífga Félagslund á Reyðarfirði, við erum mjög hrifnir af því sem veisluhúsi, bæði er það miðsvæðis sem og gamaldags og kósý. Við verðum með fimm jólahlaðborð og fimm sinnum með jólaglög. Jólaglöggið er fyrst og fremst hugsað fyrir fyrirtæki - snýst meira um samveruna og skemmtunina, verðum með lifandi tónlist og mikið um að vera. Þar verður byrjað á vinsmökkun og svo fá gestir bakka með fjöldanum öllum af smáréttum á borðið, sem allir innihalda þetta hefðbundna bragð af jóluunum í nýstárlegu formi.

Jólahlaðborðin verða klassísk í bland við nýstárlegt. Bókanir eru komnar vel af stað og ég ráðlegg fólk að bóka í tíma til þess að komast að.“



Það er fátt betra en að borða eftir gott djamm á björtum sumarnóttum. Fjallkonan sá um sína eftir sjómannaðagsball í Neskaupstað í júní síðastliðnum.

GISTING Í DANMÖRKU



GISTING VIÐ LEGOLAND OG BILLUNDFLUGVÖLL

Bjöldum gistingu í rúmgóðum herbergjum, stutt í Legoland, Lalandia og Givskud-zoo. Margra ára reynsla, pantíð tímanlega. Vandel Bed & Breakfast Bryndis og Bjarni Sími 0045-75885718 eða 20335718 www.bbgjisting.com

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A. fundir Austurlandi
 Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari föstud. kl. 20:30.
 Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848 0301 og 892 7635.
 Egilsstaðir: Furuvellir 10 þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud. kl. 20:00, laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00. Þjónustusími 898 3910.
 Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin laugardaga kl. 20:30.
 Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8 þriðjud. kl. 21:00,
 Safnarheimilið föstudaga kl. 20:30.
 Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00 í safnarheimilinu.

KIRKJUSTARF

Ássókn í Fellum - Kirkjuselið í Fellabæ: Opið hús alla miðvikudaga kl. 16-18
 †
Egilsstaðarkirkja:
 Fjölskyldugudspjónusta 6. okt. kl. 11. Gospelhátið 6. okt. kl. 20.
 Kyrrðarstund í safnarheimili alla mánudaga kl. 18.
 Foreldramorgnarnir í safnarheimili mánudaga kl. 11-13 og miðvikudaga kl. 10-12.
 †
Eskifjarðarkirkja:
 Gospelhátið 6. okt. kl. 14.
 †
Reyðarfjarðarkirkja:
 Sunnudagaskóli 6. okt. kl. 10:30.
Vopnafjarðarkirkja:
 Guðspjónusta og sunnudagaskóli 6. okt. kl. 11.

www.kirkjan.is/austurland

TRYGGINGAR/ÖRYGGI

SJÓVÁ

440 2400

Sjóvá · Miðvangi 1 · 700 Egilsstöðum
 Opið 8:30 - 16:30 alla virka daga.

FLUTNINGAR



Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
 Reyðarfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík: 525 7973
 Egilsstaðir: 525 7970
 Neskaupstaður: 525 7974
 Djúpvogur: 525 7966
 Hornafjörður: 525 7978
 Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960

INNANSTOKKS



Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600



Velcomin til Akureyrar
Akurinn Gistiheimili
 Brekkugötu 27a - Akureyri - Sími 461 2500
 akurinn@akurinn.is - www.akurinn.is



HÁR & SNYRTING



Opið virka daga 9:00 - 17:00

VEITINGAHÚS

Brekkan Stöðvarfirði

Verslun, veitingar og gjafavara
 Mánudaga - föstudaga kl. 09:30 - 22:00,
 laugard., kl. 10:00 - 22:00, sunnud.
 kl. 11:00 - 20:00, sími 475 8939.



Gisti- og veitingahús

Búðargötu 4 Reyðarfirði • Sími 470 5555

Í PIZZAU ERUM VIÐ BETRI



www.lakehotel.is • sími 471 1114

Hótelid við Fljótid
Eldhúsið opið alla daga 11:30 til 22.



Mán-Fös: 07.30 – 17.30
 Laugardaga: 09.00 – 16.00
 -FYRIR TÆKJAPJÓNUSTA-
 Sími: 475-8000

BIFREIÐAÞJÓNUSTA



Bílaverkstæði Austurlands
 Bílaverkstæði/bílasala
 Opið mán.-fim. Kl. 8 - 18 - Fös kl. 8 - 17
 Sími 470 5070



Réttingar og sprautun • Framrúðskipti
 Bílaeiga.
 Opið virka daga kl. 8 - 18



Smiðjusel 5 • Fellabæ
 700 Egilsstaðir - s: 471 1696



Opið mánud.-föstud. kl. 8 - 12 og 13 - 18
 Lyngás 5 • 700 Egilsstaðir • sími 471 3113



Bifreiðaverkstæði
 Mán. - fim. 8 - 18 • Fös. 8 - 16.
 Sími 414-9420

ÞVOTTAHÚS



Opið 7 - 12 og 13 - 17 • 474-1274

BÍLA- OG VÉLAVERKSTÆÐI



Bíla- og vélaverkstæði
 Rafverktafkar- Rafeindaþjónusta
 Rafvélaþjónusta • 8:00 til 18:00

GLERAUGU/ÚR/SKART



Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði
 Miðvangur 2-4 - Egilsstaðir - s. 471 2020
 Búðareyri 15 - Reyðarfjörður - s. 474 1234
 Gsm 692-9990

Sjúkraþjálfunin Heilsuleiðir opnar á Egilsstöðum

Lonneke van Gastel opnaði sjúkraþjálfunarstöðina Heilsuleiðir ehf. í Níunni á Egilsstöðum í síðustu viku.

Til að byrja með verður boðið upp á almenna sjúkraþjálfun, barnasjúkraþjálfun og umgarnanudd en stefnt er á að fá fleiri greinar heilbrigðisþjónustu til samstarfs í framtíðinni.

Lonneke, sem er eigandi og framkvæmdastjóri Heilsuleiða, er sjúkraþjálfari og sérfræðingur í barnasjúkraþjálfun. Hún hefur unnið hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands frá árinu 2007 við almenna sjúkraþjálfun og barnasjúkraþjálfun en í þeirri grein er hún eini sérfræðingurinn á Austurlandi. Þá hefur hún unnið með sjúklinga með gígta- og taugasjúkdóma og unnið við endurhæfingu hjartasjúklinga og hreyfihamlaðra.

Langar að stofna bakskóla

Lonneke hefur mikla reynslu í meðferð á bak-, háls- og stoðkerfisvandamálum og hefur í hyggju að stofna bakskóla.

„Hópurinn er stór sem á við bakvandamál að stríða. Bakvandamál eru komin til vegna þess að fólk vinnur ekki rétt, til dæmis lyftir of þungu eða situr ekki rétt,“ segir Lonneke.

Lonneke segir að fólk viti almennt ekki nóg um afleiðingar þess á bak og brjós ef það beitir sér vitlaust. „Fólk þarf fræðslu og leiðbeiningar um hvað getur gerst og hvað það getur gert sjálft til þess að forðast bakvandamál.“

Alltaf yrði kennt í hópum í bakskólanum, það er gott að fólk hafi stuðning hvert frá öðru. Um er að ræða þrjá til fimm tíma. Fyrsti tíminn færi í fræðslu um bakið, annar í kennslu á réttum vinnustellingum, sá þriðji í æfingar og ráðleggingar varðandi íþróttir og tveir síðustu tímarnir í eftirfylgni.“

Tímabantanir eða nánari upplýsingar er hægt að fá gegnum netfangið lonneke@heilsuleidir.is, í síma 5711917 eða á heimasíðunni heilsuleidir.is



Lonneke van Gastel á opnun Heilsuleiða. Ljósmynd: Austurfrétt/Gunnar.

Verkefnið tilnefnt til verðlauna Fljótshérað, Höttur og UÍA taka þátt í Hreyfivíku



Sandra María Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri UÍA býr sig undir Hreyfivíku.

Fljótshérað, Höttur og UÍA taka saman þátt í Hreyfivíku (Move week) annað árið í röð, vikuna 7.-13. október. Hreyfivíkan er árleg Evrópsk herferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega. Víkan var fyrst haldin í fyrra og einstaklingar, stofnanir og borgir um alla Evrópu tóku þá þátt. Á Íslandi voru haldnir um 30 viðburðir um allt land og þátttakendur skiptu hundruðum.

Íslandi voru haldnir um 30 viðburðir um allt land og þátttakendur skiptu hundruðum.

ISCA (International Sport and Culture Association) stendur fyrir vikunni og meginmarkmiðið er að efla samstarf ólíkra hópa með það að markmiði að auka þátttöku almennings í hreyfingu og íþróttum. Á Íslandi er það Ungmennafélag Íslands sem heldur utan um viðburðinn.


Framtíðarsýnin er sú að 100 milljónir fleiri Evrópubúa verði orðnir virkir í hreyfingu og íþróttum fyrir árið 2020.

upplýsingagjöf til hreyfingarinnar erlendis.

„Með vikunni viljum við vekja athygli á kostum þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum reglulega og óskum eftir þátttöku sem flestra. Viðburðirnir þurfa ekki að vera nýir, stórir eða flóknir – alveg eins er hægt að draga fram í dagsljósið sem er í gangi hjá hverjum og einum meðan á vikunni stendur. Í fyrra var Höttur með opna viku og bauð öllum sem vildu kynna sér starf deilda félagsins. Íþróttamiðstöðin bauð frítt í sund einn daginn og árlegt Péturshlaup fór fram svo eitthvað sé nefnt. Málið snýst um að gera það sem er í boði á sviði hreyfingar- og íþróttadagengilegt til þess að fá fólk af stað til þess að hreyfa sig og hvetja til virkar þátttöku í hreyfingu og íþróttum reglulega.“

ISCA hefur boðið okkur að senda eina manneskju út til Barcelona til að taka þátt í ráðstefnu ISCA sem verður haldin 16. – 19. október og kynna verkefnið. Eftir þá kynningu mun afhending verðlauna eiga sér stað af hálfu ISCA og verður spennandi að sjá hvort að útfærsla hreyfivíkkunnar á Fljótshéraði verði fyrir valinu. Þetta er bara mikill heiður fyrir sveitarfélagið og þau samtök sem starfa og stuðla að skipulögðu starfi á svæðinu að fá svona eftirtekt.“ segir Davíð Þór Sigurðarson, formaður Hattar.

Dagskráin í ár verður mjög góð að sögn Davíðs, en fleiri aðilar og samtök taka þátt í viðburðum sem munu standa yfir í vikunni. Íþróttálfurinn heimsækir Fljótshérað á laugardegnum og tekur nokkrar æfingar með börnum og fullorðnum. Dagskráin mun verða send inn á öll heimili á Fljótshéraði síðar í vikunni og hægt er að fylgjast nánar með á heimasíðu Fljótshéraðs og Hattar.



Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Gerið verðsamanburð



Sælkeri vikunnar



Anna María Sveinsdóttir

Anton Helgason skoraði í síðasta blaði á sveitunga sinn, Önnu Maríu Sveinsdóttur. Hún deilir hér með lesendum gæsasúpu, Marokkólambi og karamelluís.

Gæsasúpa

Bein, leggir, hjarta og vængir af gæs sett í pott ásamt vatni, púrrulauk, gulrótum, sellerí, svörtum pipar, einiberjum, villikrafti, salti og lárviðarlaufi.

Soðið í 2-4 tíma. Síið og bætið gæsakjötinu í soðið ásamt rjómaosti, lerkisveppum og rjóma. Smakkað til. Bætið þunnum eplasneiðum í undir lok eldamennsku.

Marokkólamb

Veltið lambkjöti upp úr hveiti, krydduðu með salti og pipar. Steikið á pönnu ásamt lauk, papriku, rifnu engifer, saffran og kjúklingateningi.

Leggið apríkósúr í bleyti. Þegar kjötið er að verða tilbúið eru apríkósurnar, auk smá sitrónusafa bætt í og látið malla í 10 til 15 mín. Smakkið til. Gott er að bera fram með hrísgrjónum og fersku salati.

Karamelluís

1/2 - 1 bolli sykur
2 bollar vatn
4-6 eggjarauður
3 pelar rjómi

Sykurinn og 1 bolli vatn soðið saman þar til lögurinn er gullinbrúnn, en þá er afgangurinn af vatninu settur út í. Kælið. Eggjarauður þeyttar með karamellunni þar til þetta er orðið ljóst og létt í sér. Þá er þremur pelum af þeyttum rjóma bætt varlega í. Frystið, borðið og njótið.

Anna María skorar hér á vinkonu sína til 30 ára, Guðrúnu Aradóttur á Djúpavogi.

Fyrir 11 árum...

35.tbl. 1. árg

Fimmtudagurinn 3. október 2002

Viðbygging gengur vel á Borgarfirði

Í 36.tbl árið 2002 má sjá frétt frá Borgarfirði um stækkun á Fiskverkun Karls Sveinssonar, sem rekin hefur verið síðan 1986.

Um er að ræða tveggja hæða viðbyggingu sem nemur um 420 fermetrum. „Okkur vantar alltaf pláss,“ segir Karl. „Þarna inni kemur nýr frystiklefi, stærra þurrkunaraðstaða og aukið vinnslurými.“



Karl Sveinsson fyrir utan þann hluta Fiskverksmiðjunnar sem verið er að reisa. Hann stefnir á að reyna að koma þaki yfir nýbygginguna áður en veturinn skellur á.

Fegurð orðanna

Lokaorð vikunnar á Sveinn Birkir Björnsson



Sveinn Birkir Björnsson

„Orð eru til alls fyrst,“ segir íslenskt máltæki. Það má til sanns vegar færa. „Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var Guð,“ segir í upphafsorðum víðförlar bókar eftir ótilgreindan höfund. Slíkur er máttur orðanna. Þessa hugmynd má víða sjá birtast í máltækjum. „Penninn er máttugri en sverðið,“ vegna þess að orðin eru beittari en egginn og særa dýpra en blaðið.

Þessi máttur orðanna hefur lengi verið mér hugleikinn. Þau gera okkur kleift að tjá okkur og forma eigin hugsun. Heimspækingurinn John

Locke sagði í einu rita sinna að tungumálið væri endimörk hugsunarinnar. Að eiga sér tungumál jafngildir því að geta hugsað.

„Ég skildi, að orð er á Íslandi til um allt, sem er hugsað á jörðu,“ segir Einar Ben í einu ljóða sinna. Við vitum að þetta er ekki alveg sannleikanum samkvæmt, og margt hefur verið hugsað hér á jörðu sem ekki eru til orð yfir á Íslensku. Enda gera kenningar málfræðinga samtímans sumar hverjar ráð fyrir því að fólk með mismunandi tungumál upplifi raunveruleikann á mismunandi hátt. Það myndi mögulega skýra hina séríslensku heimsmynd.

Undanfarið hefur talsvert verið rætt um keppni á vegum hugvísindasviðs Háskóla Íslands og Ríkisútvarpsins um fegursta orð íslenskrar tungu. Þessi áhugi er skiljanlegur, enda er íslensk tunga sameiginlegur arfur okkar og flestum tamt að hafa skoðun á henni. Þessi áhugi er okkur innprentaður frá blautu barnsbeini, með síendurteknum leiðréttingum í gegnum máltökuskeiðið og fram á unglingsárin þegar við erum (vorum?) sum hver enn að læknast af þágufallssýkinni.

Það eru mörg orð sem koma til álita þegar við veltum fyrir okkur fegurstu orðum íslenskrar

tungu. Eitthvað sem mætti jafnvel fjölyrða um. Síðast þegar þessi keppni fór fram var það orðið „ljósmóðir“ sem bar sigur úr býtum. Það er raunar vel til fundið, enda myndrænt og fallett orð sem lýsir starfi sem við erum öll ósköp þakklát fyrir.

Þessi áhersla Ríkisútvarpsins á fegurð orða hefur hins vegar valdið mér smá hugarangri. Ekki síst vegna þáttar Ríkisútvarpsins í því að nær útrýma því fegursta sem íslensk tunga hefur upp á að bjóða: flámælinu. Um miðja síðustu öld var flámæltu fólki bannað að tala í útvarp allra landsmanna til þess að rækta þann ósið úr tungunni. Þetta var ein birtingarmynd gamallar mál- og þjóðræktarstefnu sem lagði að jöfnu hreina tungu og hreina þjóð, og hefur mér jafnan fundist að í þessu fælist einhver dómur yfir austfirðingum sem lakari íslendingum.

Svo um fegurstu orð íslenskrar tungu hef ég lítið segja, en þó þetta. Ef það býður upp á hljóðvarpið ö-é eða i-e, þá er það þeim mun fallett. Og hver veit, ef kenningar málfræðinganna eru réttar, þá kynni það að útskýra hina sér austfirsku heimsmynd, þar sem það er staðbundin málvenja að austur og norður séu gagnstæðar áttir.

Sveinn Birkir Björnsson